



Ályktun um stöðu Suðurnesja vegna Covid 19

Ályktun lögð fram á 44. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 10. október 2020 hvetur ríkisvaldið til að ráðast í aðgerðir til hjálpar einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum á Suðurnesjum en Suðurnes hafa orðið hvað harðast úti í kjölfar sóttvarnaaðgerða vegna Covid 19.

Íbúum á Suðurnesjum hefur fjölgað mikið á árunum 2013-2020 eða um 31,2% sem er samtals 6.623 íbúar. Á sama tímabili fjölgaði landsmönnum um 13% eða 42.277 íbúa. Auðvelt er að færa rök fyrir því að aukin umsvif á Keflavíkurflugvelli hafi verið stór áhrifavaldur í fjölgun íbúa á þessum árum.

Umsvif atvinnugreina frá einu tímabili til annars gefa vísbendingar um þróun efnahagsmála á einstökum svæðum. Árið 2012 voru ferðaþjónusta, verslun, veitingar og samgöngur um 28% af umsvifum atvinnugreina á Suðurnesjum en árið 2017 var hlutfallið komið í 43%.

Allt frá falli Wow air hefur samdráttur verið í umsvifum í kringum Keflavíkurflugvöll en 11 mánuðum eftir fall Wow air beið annað og stærra verkefni, Covid 19 sem varð þess valdandi að flugfarþegum um Keflavíkurflugvöll fækkaði um 73,2% á milli áruna 2019-2020.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun var atvinnuleysi á landsvísi 8,1% í septembermánuði. Á Suðurnesjum er staðan alvarlegri en atvinnuleysi í september var 18%. Í hópi atvinnuleitenda eru 47% konur, 66% atvinnulausra eru yngri en 40 ára og 54% eru með erlent ríkisfang. Í september voru um 4000 einstaklingar á Suðurnesjum á skrá hjá Vinnumálastofnun en vinnumarkaðurinn á Suðurnesjum telur 13.714 einstaklinga.

Sveitarfélög á Suðurnesjum hafa orðið fyrir miklu tekjutapi en á sama tíma hefur þörf á þjónustu aukist verulega umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlunum. Áætluð fjárhagsleg heildaráhrif á sveitarfélög á Suðurnesjum á tímabilinu febrúar-ágúst 2020 eru um 1,6 mkr. Lagt er til að sérstakt framlag komi í Jöfnunarsjóð til að vega upp á móti mikilli skerðingu framlaga. Lögð er áhersla á að slík mótvægisáðgerð fari til þeirra sveitarfélaga sem mest þurfa á henni að halda en ekki dreift t.d. samkvæmt höfðatölu.

Sveitarstjórnarfolk á Suðurnesjum lýsir yfir miklum áhyggjum af stöðu atvinnumála á Suðurnesjum og hvetur ríkisvaldið til að fara í framkvæmdir á Suðurnesjum með það að markmiði að skapa atvinnu fyrir fjölda Suðurnesjamanna sem misst hafa vinnuna.

Fundurinn leggur til að unnið verði að fjármögnum verkefna á Suðurnesjum sem hægt er að fara í með litlum fyrirvara t.d. skipaklasa á Suðurnesjum. Skipaþjónustuklassi getur tiltölulega fljótt skapað á annað hundrað störf og fært samfélaginu umtalsverðar tekjur til framtíðar. Bein vinna í hinni nýju kví kallur á 70-80 heilsársstörf auk óbeinna starfa. Varlega áætlað er gert ráð fyrir að verkefni sem tengjast kvínni fyrst um sinn skapi þannig um 120 störf. Ekki er óraunhæft að ætla að á fáum árum gæti orðið til í Njarðvík þekkingarklassi í viðhaldi og þjónustu við skip sem teldi um 250 - 350 bein og óbein störf.

Mikilvægt er að styðja við nýsköpun á svæðinu með því að auka framlög til Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem sinnir atvinnuráðgjöf, þróun- og nýsköpun og fræðslu í gegnum Hekluna – atvinnuþróunarfélag Suðurnesja. Uppbyggingarsjóður Suðurnesja hefur gegnt lykilhlutverki í úthlutun styrkja til nýsköpunar og menningarmála á Suðurnesjum í gegnum tíðina, hann hefur aldrei verið mikilvægari en nú og því er lagt til að framlög í hann verði aukin.

Það eru fjölmörg atvinnuskapandi verkefni sem hægt er að ráðast í með litlum fyrirvara og mikilvægt að allir rói samtaka til að lágmarka skaðann.